



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum á árinu 2018*

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sér um lögbundið eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík til samræmis við 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum en þar kemur fram að félagsmálanefnd geti falið sérstökum starfsmanni að fara með eftirlitið eða falið það verkefni umsjónaraðila.

Eftirlit með daggæslu í heimahúsum er þríþætt: Skil dagforeldra á yfirliti yfir skráð börn í gæslu, óboðaðar eftirlitsheimsóknir og könnun á viðhorfi foreldra til daggæslu.

Samkvæmt 34. gr. reglugerðar nr. 907/2005 getur félagsmálanefnd ráðið sérstakan umsjónaraðila sem hefur með höndum ráðgjöf og umsjón með daggæslu í heimahúsum. Þeir skulu fara í heimsóknir til dagforeldra til að veita ráðgjöf og stuðning, halda fræðslufundi og fundi með dagforeldrum og foreldrum barna ef þörf krefur. Þetta verkefni er í höndum þjónustumiðstöðva velferðarsviðs en þar starfa daggæsluráðgjafar. Starfandi er einn daggæsluráðgjafi á hverri þjónustumiðstöð velferðarsviðs. Annan hvern mánuð koma daggæsluráðgjafar til fundar við starfsfólk skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem sinnir málefnum daggæslu þar sem farið er yfir málefni daggæslu í heimahúsum.

Í desember 2018 voru 124 dagforeldrar með leyfi til daggæslu. Þess má geta að á hverjum tíma eru einstaka dagforeldrar með leyfi til daggæslu en eru tímabundið ekki starfandi. Töluvert er um að tveir og tveir dagforeldrar vinni saman. Í lok árs 2018 voru dagforeldrar starfandi á 86 stöðum en 93 stöðum í upphafi árs.

### **I. Skil dagforeldra á yfirliti yfir skráð börn í gæslu**

Skv. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 skulu dagforeldrar skila yfirliti yfir skráð börn í gæslu, staðfest af eftirlitsaðila og foreldri barns.

Dagforeldrar senda daggæslufulltrúum þjónustumiðstöðva velferðarsviðs mánaðarlega yfirlit yfir börn í vistun hjá þeim og afrit af dvalarsamningum barna sem eru undirritaðir af foreldrum.

Daggæslufulltrúar taka þessar upplýsingar saman og senda til fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs sem sér um að greiða dagforeldrum með þeim börnum sem eiga lögheimili í Reykjavík. Fjármálaþjónusta skóla- og frístundasviðs sér einnig um greiðslur með börnum sem eiga lögheimili í Reykjavík en eru hjá dagforeldrum í öðrum sveitarfélögum.

## **II. Óboðaðar eftirlitsheimsóknir**

Skv. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 skal farið í þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir á ári.

Í árslok 2018 var búið að fara í tvær óboðaðar eftirlitsheimsóknir til allra dagforeldra og þá þriðju til stærri hluta starfandi dagforeldra. Af óviðráðanlegum orsökum þurfti að fresta 41 heimsókn úr þriðja eftirlitshring á árinu 2018 en var farið í þær í janúar 2019. Eftirlitsaðili getur þurft að fara oftár en þrisvar á suma staði ef dagforeldrar voru ekki heima eða voru veikir þegar hann kemur á staðinn. Farið var í samtals 231 óboðaðar eftirlitsheimsóknir á árinu.

Starfsmenn af skrifstofu sviðsstjóra fara í flestar eftirlitsheimsóknir en fagaðilar af leikskólaskrifstofu og daggæsluráðgjafar þjónustumiðstöðvanna taka þátt í eftirlitinu þegar verið er að bregðast við athugasemdum eftir heimsókn.

Þrjár listar eru notaðir við eftirlitið. Í fyrsta lagi listi með nöfnum dagforeldra og barna sem eru skráð í vistun og kannar eftirlitsaðilinn í heimsókninni hvort fjöldi barna stemmi við þau börn sem eru skráð í vistun hjá viðkomandi dagforeldri. Í öðru lagi listi með öryggisatriðum og aðbúnaði vegna daggæslu í heimahúsum, sjá fylgiskjal 1. Sá listi liggur til grundvallar í eftirlitsheimsókninni, er fylltur út rafrænt í heimsókninni og verður þar með skýrsla með niðurstöðu eftirlitsheimsóknar. Í þriðja lagi gátlisti um innihald sjúkrakassa vegna daggæslu í heimahúsum, sjá fylgiskjal 2.

### ***Viðbrögð vegna eftirlitsheimsókna:***

Gerir eftirlitsaðili engar athugasemdir við daggæslu á tilteknum vistunarstað sendir hann dagforeldri skýrslu innan fimm virkra daga frá því að eftirlitið fór fram. Dagforeldri hefur fimm virka daga til að gera athugasemd við skýrsluna. Komi ekki fram athugasemdir telst skýrslan samþykkt af hálfu dagforeldris. Sú niðurstaða er tilkynnt til fagaðila daggæslumála á leikskólaskrifstofu og daggæsluráðgjafa viðkomandi þjónustumiðstöðvar.

Í 127 heimsóknum af 231 heimsókn á árinu 2018 voru ekki gerðar athugasemdir.

Séu gerðar minniháttar athugasemdir í eftirliti skv. 36 gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum sendir eftirlitsaðili dagforeldri skýrslu innan 3 virkra daga frá því að eftirlitið fór fram. Dagforeldri hefur að jafnaði fimm virka daga til að gera athugasemdir við skýrsluna, annars telst hún samþykkt. Gerir dagforeldri strax úrbætur sem eru fullnægjandi, telst málinu lokið. Bregðist dagforeldri ekki við, eða með ófullnægjandi hætti, gerir eftirlitsaðili fagaðila daggæslumála á leikskólaskrifstofu, daggæsluráðgjafa viðkomandi þjónustumiðstöðvar og deildarstjóra skólaþjónustu viðkomandi þjónustumiðstöðvar, viðvart í tölvupósti þar sem athugasemdir eftirlitsaðila koma fram. Daggæsluráðgjafi heimsækir

dagforeldri að jafnaði innan þriggja virkra daga eftir að hann hefur mótttekið athugasemdir eftirlitsaðila. Í kjölfarið ber dagforeldri að gera viðeigandi úrbætur.

Athugasemdir undir þessum lið geta snúið að öryggisþáttum eins og sjúkrakassa, slökkvitæki eða reykskynjara, aðbúnaði barna sé á einhvern hátt ábótavant, eitthvað bendi til þess að ekki fari nægilega vel um barn eða að skilyrði til leyfisveitingar séu ekki lengur fyrir hendi.

Gerðar voru athugasemdir í 102 af 231 eftirlitsheimsókn. Langflestar athugasemdirnar snéru að því að það vantaði eða þurfti að endurnýja hluti í sjúkrakassa og yfirfara þurfti slökkvitæki eða reykskynjara. Gerðar voru tvær athugasemdir vegna aðbúnaðar í húsnæði er vörðuðu öryggi barna, tvær þar sem hreinlæti var ábótavant og ein þar sem vantaði beisli í barnastóla í eldhúsi.

Séu gerðar meiriháttar athugasemdir í eftirliti skv. 37 gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum gerir eftirlitsaðili fagaðilum daggæslumála á leikskólaskrifstofu strax viðvart um athugasemdirnar. Þar að auki lætur hann vita af athugasemdunum í tölvupósti sem hann sendir á fagaðila daggæslumála á leikskólaskrifstofu, daggæsluráðgjafa viðkomandi þjónustumiðstöðvar, deildarstjóra skólaþjónustu viðkomandi þjónustumiðstöðvar og skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu.

Athugasemdir undir þessum lið geta snúið að því að aðbúnaði barna sé ábótavant, fjöldi barna sé umfram það sem leyfi kveður á um eða grunur sé um ofbeldi, vanrækslu eða skorti á umönnun eða öryggi barna í daggæslunni.

Gerðar voru tvær athugasemdir undir þessum lið og snéru þær að fjölda barna í vistun.

### **III. Viðhorf foreldra til daggæslu**

Í maí 2018 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal foreldra barna sem nýttu sér þjónustu dagforeldra í Reykjavík, en slík könnun er gerð annað hvert ár. Þetta er í sjöunda sinn sem viðhorfskönnun hefur verið gerð meðal foreldra yngstu barnanna en sú fyrsta var gerð árið 2006. Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf foreldra til þjónustu dagforeldra og þjónustu Reykjavíkurborgar við þennan málaflokk. Jafnframt er markmið að finna þætti sem þarf að huga að í símenntun dagforeldra og í eftirliti skóla- og frístundasviðs. Sendar voru út 609 beiðnir um þátttöku á netföng foreldra sem voru með barn sitt hjá dagforeldri veturinn 2017-2018. Svarhlutfall í könnuninni var 75%.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru eftirfarandi:

Samtals höfðu um 64% barna svarenda verið í daggæslunni í 9 mánuði eða skemur þegar könnunin var lögð fyrir en um 35% barna verið í 10 mánuði eða lengur. Um helmingur foreldra sem svöruðu könnuninni að þessu sinni nýtir daggæslu þar sem tveir dagforeldrar starfa saman. Helst er sótt í daggæslu í Grafarvogi og Breiðholti úr öðrum borgarhlutum og mest er um að foreldrar sem búa í Vesturbæ, Hlíðum/Holtum/Norðurmýri og Grafaholti/Úlfarsárdal sækja daggæslu út fyrir sinn borgarhluta. Rúmlega tveir af hverjum þremur þeirra sem búa í öðrum

borgarhluta en þar sem daggæslan er staðsett, segjast heldur kjósa daggæslu í sínum borgarhluta sem er aukning frá fyrri árum.

Foreldrar hefja leit að dagforeldri fyrr en áður og nú höfðu 60% byrjað leitina fyrir 4 mánaða aldur barnsins. Flest börnin hófu vistun hjá dagforeldri þegar þau voru 10-12 mánaða eða 46%. Hlutfallslega fleiri börn nú byrja eldri en 12 mánaða í daggæslu og hlutfallslega færri börn byrja yngri en 9 mánaða en í fyrri könnunum sem gæti gefið til kynna að erfiðara er að fá daggæslu nú en áður. Um 77% foreldra fannst þeir hafa úr of fáum dagforeldrum að velja.

Sem áður eru langflestir foreldrar eða 87%, ánægðir með þjónustu dagforeldra og litlar breytingar á milli ára. Á bilinu 69-84% foreldra eru ánægðir með ýmsa hagnýta þjónustu og skipulag hjá dagforeldrum eins og fæði/mat, aðstöðu inni og dagskipulag. Minni ánægja er með frí- og veikindadaga dagforeldra og kostnað við gæsluna en óánægja með kostnað eykst á milli kannana. Í þessu sambandi nefna foreldrar að þeir vilji fá sambærilega niðurgreiðslu með börnum sínum við 18 mánaða aldur hvort sem vistun fer fram hjá dagforeldri eða í leikskóla. Á bilinu 70-96% foreldra eru sammála jákvæðum staðhæfingum um félagslega þætti daggæslunnar eins og að barnið sé glatt og líði vel í daggæslunni, vel sé staðið að aðlögun og að viðmót dagforeldra í samskiptum sé gott.

Ef hvort tveggja væri í boði, vistun hjá dagforeldri og í leikskóla, segjast um 69% foreldra frekar kjósa vistun í leikskóla fyrir barn sitt. Af þeim sem merktu við vistun hjá dagforeldri tala flestir um kosti þess að börnin séu færri saman hjá dagforeldrum en einnig að umhverfið hjá dagforeldrum sé persónulegra, rólegra, heimilislegra og öruggara fyrir lítil börn og gott traust sé hjá foreldrum til dagforeldris. Þá séu hröð mannaskipti á leikskólum ókostur við leikskólana. Þeir sem merktu við vistun í leikskóla gefa upp ástæður eins og fagmenntun starfsfólks, meiri örvun fyrir þroska barns, betri upplýsingagjöf, betri aðstöðu leikskólanna til útiveru og hollustu matarins. Komið er inn á að fleiri en einn umönnunaraðili sé til staðar í leikskólunum sem auki öryggi barnanna, að ólíklegra sé að vistun falli niður dagsdaglega í leikskóla og að kostnaður við vistun í leikskóla sé lægri.

Í opnum spurningum kom fram að svör til foreldra um hvort barn þeirra fengi vistun hjá dagforeldri bærust seint, enda fengju dagforeldrar sjálfir seint svör um hvenær eldri börn í vistun hjá þeim hæfu leikskólavist. Þetta segja foreldrar áhyggju- og streituvald í fæðingarorlofinu enda viti foreldrar þá illa hvenær þeir geti snúið til baka til sinnar vinnu.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar skóla- og frístundaráði á fundi 9. október 2018. Niðurstöður voru einnig kynntar dagforeldrum á tveimur opnum fundum 6. og 11. febrúar 2019. Könnunin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, sjá [hér](#).

### ***Viðhorf dagforeldra til daggæslu:***

Þó ekki sé um að ræða þátt í eftirliti með daggæslu í heimahúsum skv. 35. gr. reglugerðar 907/2005 er hér upplýst að í maí og júní 2018 var framkvæmd könnun meðal dagforeldra í Reykjavík. Þetta er í sjöunda sinn sem slík könnun hefur verið gerð meðal dagforeldra. Fyrsta

könnunin meðal dagforeldra var gerð árið 2006 og er slík könnun framkvæmd annað hvert ár. Markmið könnunarinnar var að kanna m.a. skipulag daggæslu, upplýsingagjöf til foreldra, ráðgjöf til dagforeldra og eftirlit með starfsemi. Sendar voru út 133 beiðnir um þátttöku á netföng dagforeldra en einnig var hringt í hluta þeirra til að auka þátttöku í könnuninni. Svarhlutfall í könnuninni var 69%.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar skóla- og frístundaráði á fundi 9. október 2018. Niðurstöður voru einnig kynntar dagforeldrum á tveimur opnum fundum 6. og 11. febrúar 2019. Könnunin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, sjá [hér](#).

# Daggæslueftirlit 2019

Daggæslueftirlit 2019 Conducted on 9th Apr, 2019 By Dagforeldraeftirlit EP Reykjavíkurborg

Complete

Inspection score	Failed items	Created actions
<b>0.00%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Skjal nr. 000230		
Nafn dagforeldris/dagforeldra Unanswered		
Netfang dagforeldris/dagforeldra Unanswered		
Heimilisfang eða staðsetning daggæslu Unanswered		
Eftirlit hefst. 📅 9th Apr, 2019 🕒 3:19 PM GMT		
Eftirliti lýkur. Unanswered		
Upphafsstafir eftirlitsaðila. Dagforeldraeftirlit EP Reykjavíkurborg		

## Grunnatriði

0.00%

### Grunnatriði

Er leyfi til staðar?	Unanswered
Fjöldi barna	Unanswered
Fjöldi barna fjarverandi? Unanswered	
Fjöldi barna mættur? Unanswered	

### Öryggisatriði

Slysatrygging - skrá gildistíma	Unanswered
Slysatrygging - skrá gildistíma (á við ef tveir dagforeldrar starfa saman)	Unanswered
Slökkvitæki - hvenær er næsta skoðun	Unanswered
Reykskynjarar	Unanswered
Eldvarnarteppi í eldhúsi/búri	Unanswered
Hreinsi-/hættuleg efni geymd á öruggum stað	Unanswered
Sjúkrakassi, athuga sérstaklega plástur, dagsetningu á saltvatni, dagsetningu á brunagrisjum og blástursgrímu.	Unanswered
Öryggishlið fyrir stigaopi	Unanswered
Beisli í vögnum	Unanswered
Beisli í matarstólum	Unanswered

**Aðbúnaður**

Innileiksvæði	Unanswered
Hvíldaraðstaða inni	Unanswered
Hvíldaraðstaða úti	Unanswered
Útivistaraðstaða	Unanswered
Skiptiaðstaða þar sem hugað er að öryggi og þægindum barnsins. Skiptidýna eða annað mjúkt undirlegg notað, hreinlæti við bleyjuskipti, handspritt eða hanskar notaðir, blautþurrkur eða grisjur.	Unanswered
Hreinlæti daggæslunnar	Unanswered
Reglur um reykingar virtar	Unanswered

**Að lokum**

Athugasemdir við eftirlit	Unanswered
Unanswered	
Undirskrift dagforeldris, eftirlit móttekið	
Unanswered	



## Innihald sjúkrakassa\*

1	rúlla plástur (bréfplástur, heftiplástur)
1	lítill skæri (stálskæri)
1	góð flísatöng (riffluð)
1	stk. 7,5 cm sárabindi (teygjubindi) eða næsta stærð við
1	pakki skyndiplástur
1	fatli (þríhyrningur)
3	stk. 100 ml. saltvatn 0,9%
5	bómullarpinnar í lokuðu plasti (plastfilmu)
1	pakki 10x10 cm brunagrisjur
1	pakki 5x5 cm grisjur (5stk)
1	par einnota hanskar
1	stk. einnota blástursgríma (vörn gegn smiti)

\*Yfirfarinn í maí 2018

Handbókin **Slysavarnir og skyndihjálp** er útbúin með það í huga að hægt sé að finna upplýsingar um skyndihjálp auðveldlega til að kanna hvernig bregðast eigi við mismunandi slysum. Það er því mikilvægt að hún sé ávallt staðsett hjá sjúkrakassanum þannig að hægt sé að grípa hana með. Mikilvægt er að dagforeldrar kynni sér innihald sjúkrakassa reglulega og rifji upp til hvers hlutirnir eru. Tryggja verður að til sé smálagar með þeim búnaði sem mest er notaður.

<b>Búnaður</b>	Það er mikilvægt að yfirfylla ekki sjúkrakassa af búnaði. Í sjúkrakassanum á einungis að vera búnaður til skyndihjálpar en ekki til meðferðar s.s. lyf, krem o.þ.h.
<b>Staðsetning</b>	Hvar sjúkrakassi er geymdur skiptir miklu máli. Hann þarf að vera miðsvæðis eða þar sem er hægt að nálgast hann fljótt. Best er að kassinn sé færanlegur því stundum gæti sú staða komið upp að það þurfi að nota hann úti á lóðinni. Þegar farið er í styttri ferðir með börnin verður að taka lágmarks viðbúnað með s.s. plástra og klúta.
<b>Umgengni</b>	Mikilvægt er að ganga alltaf snyrtilega um kassann og geyma hann á stað þar sem alltaf er hægt að nálgast hann (ekki á salerninu). Best er að hafa lista í kassanum yfir innihald hans. Það er auðveldara þegar kemur að því að ganga frá honum þannig að hægt sé að sjá hvað vantar og bæta því í hann strax.